

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 3. áfanga, vegna Búðahellu 5 og 7 og Borgahellu 10 og 12.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. desember 2024 breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 3. áfanga, vegna Búðahellu 5 og 7 og Borgahellu 10 og 12.

Í breytingunni felst að lóðirnar fjórar eru sameinaðar og grænt svæði við suðaustur horn lóðar nr. 12 við Borgahellu er innlimað í sameinaða lóð, Borgahellu 8. Byggingarreitir eru sameinaðir og reitur stækkaður inn á það sem áður var grænt svæði. Staðsetning á innkeyrslum breytist.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 11. desember 2024.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anne Steinbrenner verkefnastjóri.